

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2003

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, varðandi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna (þskj. 15, 15. mál). Er umsagnar Kvenréttindafélags Íslands (KRFÍ) óskað um framangreinda tillögu.

KRFÍ vill fyrir það fyrsta lýsa ánægju sinni með tillöguna. Telur félagið hér stigið mikilvægt skref í þá átt að uppfylla þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir, þ. á m. til að útrýma launamisrétti kynjanna, s.s. samkvæmt samningi um afmán hvers kyns mismununar gagnvart konum (CEDAW). Hefur Eftirlitsnefnd Sameinuðu Þjóðanna með framangreindum samningi ítrekað bent á nauðsyn aðgerða á þessu sviði. Má í því sambandi benda á athugasemdir nefndarinnar við síðustu skýrslu Íslands (3 og 4 skýrsla) frá janúar 2002. Um það atriði segir í ársskýrslu Jafnréttisstofu fyrir árið 2002, að þrátt fyrir að nefndin væri að mörgu leyti sátt við þá þróun mála sem hér ætti sér stað á þessu sviði þá “LAUNAMISMUNUN KYNJANNA (..) LANGT YFIR VIÐUNANDI MÖRKUM.”


Almennt er viðurkennt, að til að útrýma þessum svarta bletti í íslensku samfélagi er þörf margvíslegra og margþættra aðgerða. Ljóst er því að þörf er á sérstakri áætlun eins og hér er lagt til að verði samþykkt.


Útrýming launamisréttis krefst margþættra aðgerða, s.s. rannsókna, ráðgjafar og/eða leiðbeininga til að gera launakerfi gagnsætt. Kostir framangreindra framkvæmdaáætlana felast einmitt í samræmingu slíkra aðgerða. Þá leggur KRFÍ áherslu á að ríkið sýni hér ákveðinni fordæmis- og frumkvæðisskyldu enda ábyrgð þess tvíþætt sem aðila að alþjóðlegum skuldbindingum um mannréttindi kvenna og sem stærsti atvinnurekandi hér á landi.

Að mati KRFÍ er ljóst að framkvæmdaáætlanir sem þessar eru mjög til þess fallnar að auka fylgni við ákvæði jafnréttis laga nr. 96/2000, einkum 14. gr. laganna um skyldu atvinnurekanda til að greiða körlum og konum sem hjá honum starfa jöfn laun og tryggja þeim sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá má og nefna 13. gr. laganna.

Loks leggur KRFÍ áherslu á nauðsyn þess að fyrirtæki, jafnt opinber sem einkaaðilar, skili reglulega skýrslum yfir laun starfsmanna, svo sem þau eru skilgreind í 2. mgr. 14. gr. jafnréttis laga. Er athygli vakin á því að Evrópudómstóllinn hefur, í dómum sínum, ítrekað bent á nauðsyn slíkrar skýrslugjafar.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenréttindafélags Íslands


Margrét Steinarsdóttir,
gjaldkeri


Ragnhildur G. Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri